

Námsgrein: Upplýsinga- og tæknimennt

8. bekkur

Kennari: Arnór Heiðmann

Tíma fjöldi á viku: 1 klst.

Námsefni: Word, Excel og Goggle sites

Kennsluáðferðir og skipulag: Fjölbreyttum kennsluáðferðum er beitt, þ.e. gagnvirkri kennslu og beinni sýnikennslu. Nemendur fá þjálfun í sjálfstæðum vinnubrögðum og taka þátt í umræðum. Áhersla er lögð á að auka hæfni nemenda í; upplýsingalæsi, fingrasetningu, uppsetningu á fjölbreyttum tegundum texta, að finna upplýsingar á vef, að vinna með fjölbreytt forrit í námi en einnig að nýta tækni til að efla orðaforða og lesskilning.

Námsmat: Símat. Ýmis verkefni frá kennurum og virkni og þátttaka í tímum.

Grunnþættir menntunar

Grunnþáttur	Áhersluþættir grunnþátta menntunar
Læsi	Nemendur læra að lesa og skilja fjölbreyttar upplýsingar á stafrænu formi, túlka gögn og miðla eigin efni á gagnrýnn og ábyrgan hátt.
Sjálfbærni	Nemendur kynnast áhrifum tækni á umhverfi og samfélag, læra að meta ábyrga notkun tækja og hugbúnaðar og nýta lausnir sem stuðla að sjálfbærni.
Heilbrigði og velferð	Nemendur þjálfa heilbrigða netnotkun og ábyrg samskipti á stafrænum vettvangi og skilja mikilvægi stafrænnar velferðar.
Lýðræði og mannréttindi	Nemendur kynnast lýðræðislegri þátttöku með því að vinna saman í tækniverkefnum, læra að virða höfundarrétt og persónuvernd og nýta stafræna miðla til að hafa áhrif á málefni samfélagsins.
Jafnrétti	Nemendur fá tækifæri til að vinna verkefni óháð kyni, bakgrunni eða stöðu og læra að tækni getur veitt öllum jafna möguleika til sköpunar og miðlunar.
Sköpun	Nemendur fá að hanna, þróa og prófa eigin hugmyndir með hjálp stafrænna miðla og tækni, þjálfa skapandi hugsun og læra að nýta tæknina sem verkfæri til sköpunar.

**Kennsluáætlunin er birt með fyrirvara um breytingar.*

Viðfangsefni	Námsefni	Hæfniviðmið/ markmið	Námsmat
Vinnulag og vinnubrögð	Valin verkefni verkefni frá kennara unnin á Google Classroom.	Nemandi getur: - tileinkað sér aðalatriði úr kynningum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt. - nýtt sér til fullnustu möguleika margvíslegs tæknibúnaðar á hagkvæman og markvissan hátt. - beitt réttri fingrasetningu. - unnið á skapandi og gagnrýnninn hátt, sjálfstætt og með öðrum.	-Símat. -Ýmis verkefni frá kennurum. -Virkni og þátttaka í tímum.
Upplýsingaöflun og úrvinnsla	Valin verkefni verkefni frá kennara unnin á Google Classroom.	Nemandi getur: - nýtt hugbúnað og forrit við uppsetningu ritgerða og ritsmíða samkvæmt viðmiðum um uppsetningu og frágang. - nýtt hugbúnað/forrit og önnur gögn við upplýsingaleit. - beitt gagnrýnni hugsun við að vega og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra.	-Símat. -Ýmis verkefni frá kennurum. -Virkni og þátttaka í tímum.
Tækni og búnaður	Valin verkefni verkefni frá kennara unnin á Google Classroom.	Nemandi getur: -nýtt hugbúnað/forrit við flókna framsetningu ritunarverkefna og tölulegra gagna. -beitt gagnrýnni hugsun við að vega og meta upplýsingar með tilliti til gæða og efnismeðferðar þeirra. - nýtt hugbúnað/forrit við fjölbreyttar vefsmíðar.	-Símat. -Ýmis verkefni frá kennurum. -Virkni og þátttaka í tímum.

Sköpun og miðlun	Valin verkefni verkefni frá kennara unnin á Google Classroom.	Nemandi getur: -nýtt hugbúnað við forritun og miðlun þekkingar á fjölbreyttan og skapandi hátt.	-Símat. -Ýmis verkefni frá kennurum. -Virkni og þátttaka í tímum.
Siðferði og öryggismál	Valin verkefni verkefni frá kennara unnin á Google Classroom.	Nemandi getur: -sýnt ábyrgð við meðferð og dreifingu upplýsinga hvort sem er til persónulegra nota eða heimilda- og verkefnavinnu, -nýtt rafrænar leiðir og samskiptamiðla af ábyrgð, unnið í samræmi við reglur um ábyrga netnotkun og er meðvitaður um eigin siðferðislega ábyrgð	-Símat. -Ýmis verkefni frá kennurum. -Virkni og þátttaka í tímum.